

Flokksstjóri vinnuskóla 2018

Svalbarðsstrandarhreppur auglýsir eftir flokksstjóra við vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar. Um er að ræða fullt starf í frá 1. júní – 1. sept. Laun eru skv. samningum Launanefndar sveitarfélaga og Einingar-Iðju.

Flokksstjóri skipuleggur og stjórnar daglegri starfsemi vinnuskólans í samráði við sveitarstjóra. Hann hefur eftirlit með tækjum og áhöldum og ber ábyrgð á að eðlilegt viðhald fari fram. Umsækjandi þarf að vera fæddur árið 1997 eða fyrr og vera með bílpróf. Reynsla af starfi með ungmennum er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 22. maí n.k. Umsóknum skal skilað til skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps í Ráðhúsinu eða í tölvupósti á netfangið postur@svabardsstrond.is Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu hreppsins eða í síma 464-5500.

Sveitarstjóri

